

Þekkingarveita í allra þágu
Stefna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns
2009 – 2012

FORMÁLI

Veturinn 2008-2009 var unnið að nýrri stefnumótun fyrir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn til næstu ára. Stjórn safnsins, sem lögum samkvæmt ber að marka safninu stefnu, fjallaði um málið haustið 2008 og ákvað að hafa víðtækt samráð um mótun stefnunnar. Markmiðið var að vinna heildstæða stefnumótun til næstu ára, sem væri leiðarvísir um starfsemina og jafnframt sveigjanlegt tæki til að bregðast við breytingum og þróun. Ákveðið var að skoða eftirtalin meginatriði: þjónustu við notendur, rafrænar lausnir, söfnun og skipulag rafræns efnis auk samstarfs og tenginga við aðra sem starfa á sama vettvangi. Stefnan byggir á fyrri stefnu, *Þekkingarveita á Norðurlóð* frá árinu 2003 en það ár var einnig kynnt nýtt skipurit fyrir safnið.

BREYTINGAR

Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi safnsins á síðustu árum. Háskólaumhverfið hefur gjörbreyst og meðal annars voru Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinaðir 2008. Þá hefur verið unnið að endurskoðun laga um safnið og frumvarp var lagt fram á Alþingi haustið 2008 þó ekki hafi náðst að afgreiða það. Frumvarpið var haft til hliðsjónar í stefnumótunarvinnunni en verði nýtt frumvarp lagt fram þarf að endurskoða stefnuna til samræmis við það. Í umhverfi safnsins eru sífelldar tæknibreytingar sem hafa áhrif á verklag og vinnuferla og safnefnið berst með öðrum hætti en áður og á nýjum miðlum. Rafræni hluti safnkostsins verður æ fyrirferðarmeiri og afar mikilvægt er að efla vefi safnsins í því skyni að opna aðgang að og miðla því efni sem safnið hefur yfir að ráða. Safninu ber auk þessa að veita skilvirka gæðaðþjónustu á netinu og auka sjálfsafgreiðslu í anda stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið, *Netrikið Ísland*.

RAFRÆN MIÐLUN

Tvær styrkustu stoðir rafrænnar miðlunar safnsins eru samstarfsverkefni íslenskra bókasafna. Það eru annars vegar bókasafnskerfið Gegnir sem rekið er af Landskerfi bókasafna, en safnið leggur fjölbætta vinnu til kerfisins. Hins vegar er það Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum sem safnið rekur með þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Aðrir þættir rafrænnar miðlunar, sem hafa eflst verulega undanfarin ár, eru stafræn endurgerð íslensks efnis s.s. Tímarit.is, kortavefurinn og Sagnanetið og söfnun vefsíðna á þjóðarléninu .is. Á næstu árum þarf að þróa nýja þætti eins og söfnun og miðlun efnis sem er framleitt stafrænt og stíga fyrstu skref til langtímavarðveislu á stafrænu efni.

FRAMKVÆMD

Fjölmarginir hafa komið að vinnunni við stefnumótunina og er öllum sem lögðu hönd á plóginn þakkað fyrir þeirra framlag. Fyrirtækið Stjórnhættir ehf. var fengið til ráðgjafar og aðstoðar við vinnslu stefnunnar. Innan safnsins var skipaður stefnumótunarhópur, sem í sátu tíu starfsmenn og hittist hópurinn níu sinnum ásamt starfsmönnum Stjórnháttá. Þá voru haldnir tveir almennir starfsmannafundir og dagsfundur með 45 fulltrúum helstu hagsmunaaðila s.s frá Háskóla Íslands, úr fræðasamfélaginu og atvinnulífinu. Úr því efni sem safnaðist á þessum fundum var unnin tillaga sem framkvæmdaráð safnsins fór yfir og var henni skilað til stjórnar í lok apríl. Stjórnin vann síðan tillöguna áfram og samþykkti endanlega stefnumótun á fundi sínum 19. maí 2009.

Safnið setur sér átta markmið út frá hlutverki og framtíðarsýn. Til að vinna að hverju markmiði eru skilgreindar þrjár aðgerðir og síðan smærri verkefni eða viðfangsefni innan hversrar aðgerðar. Auk þess eru settir árangursmælikvarðar og tímarammar. Næstu skref eru að tengja nýja stefnu við árlegar verkefnaáætlanir safnsins og hrinda verkefnunum í framkvæmd.

Reykjavík 22. júní 2009

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður